

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 – 2000

20. maí 2000

177

Nr. 71

LÖG

um breytingu á lögum nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Sveitarstjórnir í sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku skulu láta meta hættu á ofanflóðum.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Beiðni sveitarstjórnar um gerð hættumats skal berast umhverfiráðherra og skipar hann fjögurra manna nefnd sem stýrir gerð hættumats í viðkomandi sveitarfélagi, hættumatsnefnd. Skulu tveir fulltrúar skipaðir samkvæmt tilnefningu frá sveitarstjórn, en ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar í nefndina og skal annar þeirra vera formaður og hafa oddaatkvæði falli atkvæði jöfn. Hættumatsnefnd ákveður í samráði við sveitarstjórn til hvaða svæða hættumat skuli ná. Hættumatsnefnd kynnir tillögur að endanlegu hættumati í samráði við sveitarstjórn þegar þær berast frá Veðurstofu Íslands og gengur frá hættumati til staðfestingar ráðherra. Ráðherra setur reglur um skipan og starf hættumatsnefndar.
- c. 2. mgr., er verður 3. mgr., orðast svo:

Veðurstofa Íslands annast gerð hættumats á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum ofanflóða að beiðni hættumatsnefndar og skal gerður um það samningur.

2. gr.

1. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats, þ.m.t. kostnað við starfsemi hættumatsnefnda skv. 4. gr. og við gerð uppdráttar skv. 6. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.